

178. fundur.

Fundur stjórnar á skrifstofu SORPU bs, fimmtudaginn 14. mars 2002, kl. 08:30.

Mættir eru: Inga Jóna Þórðardóttir, Helgi Pétursson, Bryndís Þórðardóttir, Ingibjörg Hauksdóttir, Guðný Halldórsdóttir, Þuríður Jónsdóttir, Ragnhildur Helgadóttir og Auðunn Karlsson. Framkvæmdastjóri Ögmundur Einarsson.

Tekið fyrir:

1. **Bréf frá Umhverfisnefnd Mosfellsbæjar, dagsett 22. febrúar 2002.**
Bréfið varðar: Samþykkt Umhverfisnefndar um samstarf um sorphirðustefnu.
Umhverfisnefnd Mosfellsbæjar óskar eftir samstarfi við umhverfisnefndir sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu og SORPU um gerð sorphirðustefnu fyrir höfuðborgarsvæðið og leggur til að hver aðili tilnefni tvo fulltrúa í samstarfsnefnd.
Stjórn SORPU fagnar samþykkt umhverfisnefndar Mosfellsbæjar og telur brýnt að sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu móti sameiginlega stefnu í sorphirðumálum.
Jafnframt samþykkir stjórn SORPU bs. að tilnefna Björn H. Halldórsson yfirverkfræðing þróunar- og tæknideildar og Ásmund Reykdal rekstrarstjóra endurvinnslustöðva fulltrúa SORPU í samstarfsnefndina.
2. **Ársreikningur SORPU fyrir árið 2001.**
Framkvæmdastjóri leggur fram og kynnir niðurstöður ársreiknings ársins 2001. Reikningurinn ræddur.
Stjórn samþykkir ársreikninginn samhljóða og undirritar.
3. **Önnur mál.**
 - a) Formaður leggur fram og kynnir samþykkt borgarráðs um notkun metangass á bíla.
Helgi Pétursson leggur fram drög að bókun.
Stjórn samþykkir samhljóða eftirfarandi:
Stjórn SORPU fagnar umræðu og niðurstöðu í Borgarstjórn Reykjavíkur, þar sem samþykkt var stefnumörkun um nýtingu metans á ökutæki í eigu Reykjavíkurborgar í samræmi við greinargerð starfshóps sem um það fjallaði.
Stjórnin vill vekja mikla athygli á þeim möguleikum sem felast í nýtingu á metani og bendir á að hér er um afar vistvæna innlenda orku að ræða.

SORPA telur sig sjálfa geta miðlað af reynslu sinni, en innan skamms verða 11 bifreiðar í eigu hennar knúnar metani. SORPA stefnir að því að allir bílar fyrirtækisins verði knúnir metani í nánustu framtíð. Jafnframt lýsir SORPA sig reiðubúna til frekari viðræðna við alla þá aðila sem áhuga kunnu að hafa á að nýta metangas.

Næsti fundur 11. apríl kl. 08:30. Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið.
Fundarritari: Sigríður B. Einarsdóttir.

Inga Jóna Þórðardóttir
Guðný Halldórsdóttir
Bryndís Þórðardóttir
Ragnhildur Helgadóttir
Helgi Pétursson

Ingibjörg Hauksdóttir
Auðunn Karlsson
Þuríður Jónsdóttir
Ögmundur Einarsson

SORPEYÐING HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS B.S.**LYKILTÖLUR ÚR ÁRSREIKNINGI 2001**

(í milljónum króna)

| REKSTRARREIKNINGUR: | 2001 | 2000 | 1999 | 1998 |
|---|----------------------|----------------------|----------------------|----------------------|
| Rekstrartekjur án endurvinnslustöðva..... | 687,5 | 630,7 | 580,1 | 599,3 |
| Rekstrargjöld án endurvinnslustöðva..... | <u>(554,2)</u> | <u>(491,0)</u> | <u>(444,0)</u> | <u>(462,0)</u> |
| Rekstrarhagnaður án afskrifta..... | 133,2 | 139,7 | 136,1 | 137,3 |
| Afskriftir..... | <u>(53,1)</u> | <u>(51,9)</u> | <u>(61,0)</u> | <u>(56,2)</u> |
| Rekstrarhagnaður án fjármagnsliða..... | 80,1 | 87,8 | 75,1 | 81,1 |
| Fjármagnsliðir..... | (89,8) | (55,1) | (77,12) | (48,6) |
| Reiknaðar tekjur vegna verðlagsbreytinga..... | 50,0 | 22,8 | 30,0 | 7,7 |
| Arður af hlutabréfum..... | (0,8) | <u>2,0</u> | <u>3,4</u> | <u>0,0</u> |
| Fjármagnsliðir nettó..... | <u>(40,6)</u> | <u>(30,4)</u> | <u>(43,7)</u> | <u>(40,9)</u> |
| HAGNAÐUR..... | <u>39,5</u> | <u>57,4</u> | <u>31,4</u> | <u>40,2</u> |
| Rekstur endurvinnslustöðva..... | 252,3 | 211,1 | 190,7 | 169,3 |
| EFNAHAGSREIKNINGUR: | 31/12/01 | 31/12/00 | 31/12/99 | 31/12/98 |
| Varanlegir rekstrarfjármunir..... | 1224,7 | 1107,5 | 1.030,7 | 955,4 |
| Áhættufjármunir og langtímakröfur..... | 43,5 | 36,6 | 36,0 | 9,6 |
| Birgðir..... | 8,4 | 9,4 | 11,0 | 23,1 |
| Viðskiptakröfur og verðbréf..... | 149,3 | 142,6 | 121,4 | 122,0 |
| Bankainnistæður..... | <u>85,3</u> | <u>83,7</u> | <u>77,4</u> | <u>102,3</u> |
| Eignir samtals..... | 1.511,2 | 1.379,8 | 1.276,4 | 1.212,4 |
| Eigið fé..... | <u>717,4</u> | <u>609,7</u> | <u>497,2</u> | <u>422,5</u> |
| Langtímalán háð gengisáhættu..... | 102,8 | 103,2 | 80,5 | 102,1 |
| Langtímalán með vísitöluviðmiðun..... | <u>610,6</u> | <u>590,5</u> | <u>615,4</u> | <u>591,1</u> |
| Langtímalán samtals..... | <u>713,5</u> | <u>693,7</u> | <u>695,9</u> | <u>693,2</u> |
| KENNITÖLUR: | 31/12/01 | 31/12/00 | 31/12/99 | 31/12/98 |
| Veltufjárhlutfall..... | 2,07 | 1,89 | 1,28 | 0,55 1,36*) |
| Lausafjárhlutfall..... | 2,00 | 1,82 | 1,21 | 0,50 1,23*) |
| Rekstrarhagnaðarstig út frá heildarrekstrartekjum..... | 3,89 | 6,29 | 3,79 | 5,02 |
| Rekstrarhagnaðarstig að frádr. Endurvinnslust.tekjum..... | 5,75 | 9,10 | 5,41 | 6,71 |
| Eiginfjárhlutfall..... | 47,47 | 44,19 | 38,80 | 34,85 |
| Arðsemi heildarfjármagns..... | 2,61 | 4,16 | 2,46 | 3,32 |

*)Ath. v/ útr. á veltufjárhlutfalli, að það reiknast m.v. að afborganir 1999 verði 355,7 millj. kr. en ef gert væri ráð fyrir 85 millj. kr. í þann lið yrði hlutfallið 1,36. Sama máli gegnir um útr. á lausafjárhlutfalli, sem yrði 1,23 m.v. 85 millj. kr. afborganir.